



## Áfangalýsing ML

<b>Titill:</b>	Frá Íslendingasögum til rómantíkur
<b>Námsgrein:</b>	Íslenska
<b>Viðfangsefni:</b>	Íslendingasögur, bókmenntir síðmiðalda til rómantíkur. Ritun.
<b>Skammstöfun:</b>	ÍSLE3ÍR05
<b>Þrep:</b>	3
<b>Einingafjöldi:</b>	5
<b>Lýsing:</b>	Í áfanganum er unnið með vítt tímabil í íslenskrri bókmenntasögu og kynnast nemendur helstu straumum frá síðmiðöldum til rómantíkur. Brennu-Njáls saga er lesin í heild sinni og önnur valin bókmenntadæmi frá tímabilinu. Lögð er áhersla á að setja verkin í menningarsögulegt samhengi og ekki síst í samhengi við nútímann. Þá fá nemendur þjálfun í að setja fram rökstuddar skoðanir sínar á bókmenntunum og fjalla gagnrýnið um inntak þeirra á fjölbreyttan hátt, bæði skriflega og munnlega. Markmið áfangans er ekki síst að nemendur dýpki orðaforða sinn og skilning á bókmenntum og íslenskrri menningarsögu og efli gagnrýna hugsun.
<b>Forkröfur:</b>	ÍSLE2GE05
<b>Þekkingarviðmið:</b>	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: <ul style="list-style-type: none"><li>• mismunandi tegundum bókmennta að fornu og nýju</li><li>• helstu bókmenntahugtökum tímabilsins</li><li>• orðaforða, stíl og hugmyndafræði Íslendingasagnanna</li><li>• Orðaforða sem nægir til að lesa helstu verk íslenskra bókmennta</li><li>• sögulegu yfirliti og þróun íslenskra bókmennta</li><li>• sjálfstæðum vinnubrögðum og úrvinnslu heimilda</li></ul>
<b>Leikniviðmið:</b>	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: <ul style="list-style-type: none"><li>• beita bókmenntahugtökum</li><li>• lesa sér til gagns og gamans texta frá fyrri öldum, skilja lykilhugtök og greina ólík sjónarmið</li><li>• skrifa skýran, vel uppbyggðan texta á vönduðu máli með fjölbreyttum orðaforða</li><li>• kafa undir yfirborð hans til að leita dýpri merkingar</li><li>• beita gagnrýni, innsæi og ímyndunarafli í ræðu og riti</li></ul>



<b>Hæfniviðmið:</b>	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• vera gagnrýnn í hugsun og hafa lýðræði, mannréttindi og jafnrétti að leiðarljósi</li><li>• túlka miðaldabókmenntir og bókmenntir síðari alda</li><li>• þroska bókmenntasmekk sinn og lesa sér til ánægju</li><li>• átta sig á tilgangi og afstöðu textahöfundar og túlka dýpri merkingu texta</li><li>• túlka fornþekkingartexta og kafa undir yfirborð hans til að leita dýpri merkingar</li><li>• skilja gildi fólks og hugmyndaheim ólíkra tíma</li><li>• rökræða bókmenntaverk, t.d. siðferðileg álitamál</li><li>• sýna þroskaða siðferðisvitund, víðsýni og sköpunarhæfni í ræðu og riti</li></ul>
<b>Námsmat</b>	Námsmat er útfært í kennsluáætlun.